

15. gr.

97

3. maí

Til Rannsóknarstofnunarinnar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til rikissjóðs í 10 ár sem einkaleyfisgjald fyrir Hapdrætti Háskóla Íslands samkvæmt e-lið 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Rannsóknarstofnunin tekur til starfa þegar Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði, enda greiði Rannsóknarstofnunin til háskólans helminginn af því fé, er henni ber samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, upp í byggingarkostnað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, og efnarannsóknarstofan lögð niður.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

98

3. maí

um virkjun Fjótaár.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

98

3. maí

Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra, enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga 46/1925, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Ef hreppsnefndir Holtshrepps og Haganeshrepps óska þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita þessum hreppum rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár, allt að 200 hö. fyrir hvorn hrepp um sig. Taka hrepparnir þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar.

4. gr.

Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað, umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði, að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru tægi á rafmagn það, sem Holtshreppur og Haganeshreppur kunna að fá samkv. 4. gr. úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp og Haganeshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.